

Þriðji íhaldskarl

Eftir Jón Helgason

Sá er þessar línur ritar hefur stundum talað á prenti um íslenzkar hljóðbreytingar með þvílíku orðbragði sem prestur mundi viðhafa um syndina. Það tal hefur þótt léttúðarfullt og ófræðimannlegt, og því er ég öldungis samþykkur; ég hef aldrei gengið þess duldur að svo var. Og þar á ofan er engum kunnara en mér að slíkt nöldur er álíka gagnslaust og ræða prestsins; allt hefur sína rás hvað sem einn íhaldskarl rausar, og skrik í hljóðkerfi er eins og skriðufall í bergi: áður en varir er allt fallið í lag, og þó eitthvað öðruvísi en áður var. Engu að síður er það staðreynd að heldur vill fara um mig hrollur á þeim slóðum þar sem roskið fólk talar um hvíta hluti, að heyra unga kynslóð kalla þá kvíta. Hinn sanni og hlutlaus fræðimaður verður að minnsta kosti að viðurkenna að slíkir laudatores temporis acti eru til og hafa líklega löngum verið.

Sálufélaga minn í þessu efni meðal Færeyinga tel ég Christian Matras. Hann væri vísastur til að láta sér mislíka, eins og ég lét mér, að endur fyrir löngu gerðust þau tíðindi með eyjarskeggjum í höfum úti, að þeir hirtu ekki lengur að gera mun á orðum eins og *tína* og *týna*. Honum eigna ég þessa grein þar sem reynt er að leiða í ljós þriðja karlinn með samskonar hugarfari. Hann talar til okkar; við eigum bágara með að tala til hans, því að þar munu fullar sjö aldir á milli. En við getum reynt að setja okkur í hans spor og skilja boðskap hans.

Í fjórðu málskrúðsfræði, sem kölluð er, eru teknar upp þrjár vísur dróttkvæðar, hin síðasta þó ekki heil. Handrit er AM 242 fol (Codex Wormianus, ljósprent í Corpus Codicum Islandicorum II, 1931), og erindin standa þar á þeirri blaðsíðu sem tölusett er 115. Þau voru fyrst prentuð í Snorra Eddu Rasks, Stokkhólmi 1818, bls. 343, síðan í Eddu Snorra Sturlusonar, sem Sveinbjörn Egilsson gaf út í Reykjavík 1848, á bls. 205, en tilraun að skýra þau er í hvorugri þessara bóka. Þriðja sinni voru vísurnar birtar í Snorra Eddu II, 1852, bls. 216—19, ásamt þýðingu á latínu eftir Sveinbjörn Egilsson. Björn M. Ólsen gaf þær út stafrétt í Den tredje og fjærde grammatiske afhandling i Snorres Edda, 1884, bls. 134, og tók saman rækilegar skýringar þeirra í sömu bók á bls. 265—70. Önnur stafrétt prentun, sem Finnur Jónsson annaðist, er í Den norsk-islandske Skjaldedigting A II, 1915, bls. 216—17, lagfærður texti með danskri þýðingu í sama riti B II, bls. 233—34. Enn hefur E. A. Kock birt erindin, eins og hann hélt þau eiga að vera, í Den norsk-isländska Skaldediktningen II, 1949, bls. 121; þar er neðanmáls vitnað til þeirra staða í Notationes Norroenæ (NN) eftir sama höfund, sem ætlað er að bæta skilning Finns Jónssonar. Kr. Kålund hefur dregið á vísurnar í Palæografisk Atlas, 1905, bls. vii, og ráðið af máli þeirra að þær muni ekki yngri en frá 13du öld miðri, en þess er þar að gæta að fyrri mönnum hætti til að tala eins og þeir hafi haldið um hljóðbreytingar að þær hafi dunið í skjótri svipan yfir allt landið eins og það leggur sig. — Fleira veit ég ekki um vísurnar á prenti.

Vísurnar koma undarlega fyrir sjónir við fyrstu sýn. Það snið er haft á, að hver erindisfjórðungur, tvær línur eða tvö vísuorð, sem kallað er í Háttatali, er heild út af fyrir sig, óháð því sem áður stóð og því sem á eftir kemur. Skáldið virðist helst vera að leika sér að orðum. Í fyrri hendingu nefnir hann eitthvert orð, í síðari hendingu tíðast annað sem skylt er eða líkt hinu fyrra, og stundum bætir hann í næsta vísuorði þriðja áþekku orði við. Var þá það sem fyrir honum vakti eintóm fræðimennska, að rekja skyld orð saman? Það

getur varla verið, því að sé betur gáð, kemur í ljós að í öllum þessum atriðisorðum eru sömu sérhljóðin endurtekin; orðin leika öll annaðhvort á *á*-i og *æ*-i eða á *ó*-i og *œ*-i. Nærtækt hefði verið að finna samskonar dæmi um önnur hljóð, að minnsta kosti um *ú* og *ý*, en engin eru.

Þá er eðlilegt að gera sér í hugarlund að hér sé verið að víkja að atburðum sem gerðust á 13du öld, að sú nenning datt úr Íslendingum að skjóta fram vörum þegar kveðið var að *œ*-hljóði, þannig að það rann saman við *æ*. Að því afstöðnu gátu þeir, einir allra þjóða á Norðurlöndum, rímað saman orð eins og *læra* og *færa*, *næt(u)r* og *dæt(u)r*. Hitt er annar þáttur og varðar ekki þetta mál, hvernig það *æ* sem nú hafði gleypt í sig *œ*, var borið fram áður en það klofnaði í tvíhljóð [ai], svo sem orðið hefur í síðara máli.

Úr vísnum skáldsins þykist ég lesa þetta: Hann er uppi á þeim tímum þegar *œ* er að þoka, en *æ* kemur í þess stað. Líklega er hann hniginn á efra aldur; enginn getur bannað mér að halda að hann hafi verið borinn í heim 1199 eða 1200 og kveðið erindin sjötugur. Honum þykir ógott að hlýða á það málfar sem nú flæðir út sem óðast, og hann vill brýna fyrir mönnum að um leið og *æ* hverfi, óskýrist ætterni orðanna. Hefði hann þekkt hugtakið 'umlaut', sem Konráð Gíslason nefndi 'hljóðvarp' á íslenzku, mundi hann hafa getað orðað það sem honum lék í hug á þessa leið: *æ* er hljóðvarp af *á*-i, en *œ* er hljóðvarp af *ó*-i. Meira segir hann að vísu ekki, en undir þessu virðist mér felast annað sem þó er hvergi tekið fram beinlínis: það eru málspjöll að láta muninn á þessum hljóðum týnast.

Í þessu ljósi verður nú hugað að vísunum sjálfum. Það þykir fyrirfram líklegt í samhengislitlum erindum sem þessum, að sumt kunni að vera rangt eða misskilið á skinnbókinni, enda ekki víst að þau orð sem skáldið ténir til hafi öll verið í hvers manns munni. Stafsetning handritsins er ekki vandlega þrædd í hverju smáatriði; hana má finna á þeim bókum sem áðan var getið.

Þess skal þakksamlega getið að Jakob Benediktsson hefur

verið mér hjálplegur um samanburðardæmi úr söfnum orðabókar háskóla Íslands (OHÍ).

Fyrsta vísa

1—2 Því veldr ár at ærer akr búmanna spakra

Gott ár veldur því að akrar bændu spretta vel. Einatt er talað um að vel sé *ært* eða illa, ellegar að vel *æri* (sbr. orðabók Blöndals bls. 1052), en það orðalag að *akr* (acc.) *æri* er ekki fundið annarsstaðar. Þó má kalla það eðlilegt og auðskilið.

3—4 æra verðr með árum undan dólga fundi

Vilji menn forðast fund dólga (fjandmanna) verður að róa undan þeim. Fyrri sögnin *æra* var dregin af *ár*, n., þessi af *ár*, f. Orðatiltakið *æra undan* er haft um flóttu, upphaflega að sjálfsögðu á skipum, en einnig í víðari merkingu: 'hika við að berjast', 'vægja fyrir óvinum'. Dæmi er í Páls sögu postula: »at flyia ok undan at æra« (Postola sögur 242²⁵), og tvívegis er þess getið um mann sem þóttist langþreyttur af ásókn óvina sinna og var fastráðinn að láta nú skríða til skarar, að hann grípi til þessara orða: Ingi konungur kvaðst »lengi hafa vndan ert« (Morkinskinna, FJ 457⁶⁻⁷, Heimskringla, FJ III 389¹⁻²), og Hvamms-Sturla segir: »synv meirr þickiomz mer (= vér) vndan æra« (Sturlunga saga, Kålund I 754⁵). Það má telja víst að upphaflegast sé orðtækið í myndinni '*æra undan*', en stundum kemur það fram öðruvísi: '*eira undan*' (Ed. Arnam. A 12, 283¹⁷, Laxdæla saga, Kålund 178¹²), og er þá líklega brenglað úr hinu, af því að mönnum var ekki lengur ljóst hvað *æra* merkti. Á þeim stað í Sturlungu sem áðan var nefndur stendur *eira* á pappírsbókum, sbr. útg. 1817, I 72, og sá lesháttur hefur (að þarflausu) verið tekinn upp í Reykjavíkur-útg. 1946, I 80⁵, en sjálf Króksfjarðarbók hefur greinilega *æra*, sjá Early Icelandic Manuscripts I, bl. 7v neðst í fremra dálki.

Ólafur hvítaskáld orti kvæði um Áron Hjörleifsson; í því er þetta: »áðr en Áron flýði / undan Sturlu fundi« (Skjldigtn. A II 97). Orðalíkingin er svo lítilvæg að naumast tekur að nefna, en hitt er annað mál að ef benda ætti á mann sem eigna mætti þær vísur sem hér er fjallað um, mundi Ólafur hvítaskáld eigi sízt þykja líklegur, þeirra skálda sem vér vitum nokkur deili á.

5—6 ræða gengr af ráða
runa systur ólystug

Hér virðist nauðsyn að breyta *systur* í *systir*, nom., og svo gerði Sveinbjörn Egilsson; hann þýddi vísuorðin: »Subans porci soror invita discedit a porco« (SnE) eða »porca subans invita a porco abscedit« (Lex. Poet., 1860). Orðið *runi* um gölt er víðar kunnugt (sbr. O. Bandle í Bibl. Arnamagn. 28, einkum bls. 429—30), og *runa systir* er þá sýr eða gylta. En hvað *ræða* merkir má beztt sjá af Staðarhólsbók Grágásar (útg. bls. 236): eins og maður leiðir »kú yxna til griðungs«, »meri álægja til hests«, »á blasma til hrúts«, þannig leiðir hann »sú ræða til galtar« (þar er 'sú' acc. af 'sýr').

En *ráða*, hvað er það? Sveinbjörn Egilsson fann þá úrlausn að *ráði* mundi karlkynsorð sömu merkingar og *runi*. Þetta orð tók hann upp í Lexicon Poeticum 1860, og þaðan hefur það haldið innreið sína í hverja orðabók eftir aðra. En önnur dæmi þess að göltur sé kallaður *ráði* verða engin fundin, hvorki í fornu máli né í mállýzkum síðari tíma úr Noregi þar sem svínarækt hélzt óslitið; aftur hefur verið tilnefnt úr Danmörku *vrad* eða *vraad* (þannig hjá Falk og Torp í Etymologisches Wörterbuch), er muni vera sömu ættar, sbr. Bandle bls. 106. Í nafnaþulum er til eitt erindi (Skjldigtn. A I 677, B I 670) þar sem talin eru galtarheiti, sum aflöguð, svo sem oft vildi verða hjá skrifurum ef orð komu sem þeir könnuðust ekki við; þar er eitt ritað *rar*, *rai*, *ras*, og á enn fleiri vegu, en engan stuðning getur *ráði* fengið af þessum vafagepli, né heldur af því heiti sem skrifað er *dritropi* og hugsanlegt væri að ætti að vera *drit-ráði* (sbr. Lex. Poet. 1860; Finnur Jóns-

son gat upp á *drit-troði*). Helzti styrkur orðsins *ráði* er sá að ættin væri ljós: þegar gyltunni er þörf að eðla sig er hún *ræða*, og *ráði* heitir sá sem úr því bætir. En þó að játað sé að orðið mætti vera betur skorðað, er hér gert ráð fyrir að ætlun Sveinbjarnar Egilssonar hafi verið rétt; önnur betri skýring á vísunni er ekki tiltæk.

Í SnE var haldið að *ganga af* væri sama og 'víkja frá', en það fær varla staðizt. Finnur Jónsson breytti *af* í *at* (í Skjldigtn.), og virðist mikil bót, en þó er þar sá hængur á, að *ræða* gylta á leið til galtar mundi allt annað en ólystug. Þessvegna bætti F. J. þeirri tilgátu síðar við (í sínu Lex. Poet.) að breyta *ólystug* í *oflystug*, og ekki ólíklegt að rétt sé. En þó kynni að vera að *ólystug* væri almenn lýsing gyltunnar, sem eigi þykir girnileg eða fríð sýnum fyrir manna augum meðan hún er á lífi, þó að síður muni henni hallmælt þá er matreidd er og borin á borð.

Björn M. Ólsen var ekki áhyggjulaus af því, að í Staðarhólsbók, þegar minnzt var á »sú *ræða*«, er síðara orðið stafsett *røða*, en í Noregi þar sem orðið hefur haldizt er rötarsérhljóðið *æ* (Bandle bls. 106), og höfundur vísunnar nefnir orðið til að sýna að *á* og *æ* eigi saman. En þarfleysa er að gera mikið úr þessu. Það er rétt að í Staðarhólsbók er langvíðast greint sundur *æ* (eins og í *hræ*, *læra*) og *œ* (skrifað *ø* eða stundum *o* með lykkju yfir eða undir, stöku sinnum lykkjulaust), en hinsvegar eru dæmi sem sýna rugling á þessum hljóðum; í greininni um »sú *ræða*« er einnig nefnd »ær blæsma«, og það orð stafsett *bløsma* (bl. 41v í skinnbókinni), en víst er að þar var forna hljóðið *æ* (Bandle bls. 96—8). Á bl. 4v (í útgáfunni 1923) stendur að syngja skuli »eigi føre messor en .x.« milli alþinga tveggja, en ætti að vera »fære«, og *æ* er ritað í þessari orðmynd annarsstaðar á bókinni. Fleiri staði mætti tína til, alla með sömu hendi, og er þá sýnt að ritháttinn *røða* þarf ekki að vera neitt að marka. Þeim sem kynni að huga betur að þessu í útgáfu Finsens má benda á að hann setur stafinn *ø* þar sem skinnbókin hefur *ø* eða *ò*.

7—8 Órar dregur at ærum
ýtum skemða flýter

Órar, f. pl., eru vitfirring; *ærum* er eldra *ærum* af *ærr* 'vit-skertur'. Sá »skemða flýtir« sem dregur órar að mönnum eða slær á þá ærslum, eins og stundum er sagt, getur naumast annar verið en sjálfur myrkrahöfðinginn; í postula sögum og heilagra manna ber það einatt við að djöfull eða illur andi sezt að í manni og gerir hann æran þar til guðsmaðurinn kemur til hjálpar.

Önnur vísa

1—2 Æle telz þat er ólu
ósnotran mann gotnar

Æle er ritháttur sem stældur mun eftir forriti; að öðrum kosti mætti búast við að stafsett væri *Æli*. Orðið er kunnugt úr Noregi (*øle*), en af Íslandi hefur einungis fundizt eitt dæmi: í Finnboga sögu ramma, Gering 1879, bls. 5¹⁶, segir frá manni sem »hafði it mesta kvánríki, því at hann var mannæli mikit ok veslingr« (Gering hefur *hon* fyrir *hann*, en þetta orð er rétt í Íslenzkum Fornritum XIV 256; aftur er *mannæli* misskilið þar). Í síðara máli er *ælingi* til í líkri merkingu, sem sjá má af orðabók Blöndals. En *øle* Norðmanna leggur Aasen út: »en Stakkel, Stymper, især med Begreb af vanslægtet«; ef taka má *gotna* í vísunni þannig að átt sé við hrausta menn og vel gefna, verður sá ósnotri maður sem þeir ala áþekkur því afstyrmi sem Aasen lýsir. Þá má og aðeins drepa á að átvagl gat í Noregi heitið bæði *át-øle* og *mat-øle* (sjá orðabók Ross við *øle*), og hætt við að slíkir menn hafi ekki ávallt gengið snoturlega að mat sínum. Sé *æli* skylt sögninni *ala*, eins og höfundur vísunnar virðist halda, mundi orðið helzt þannig að skilja að átt sé við vesling sem aðrir verði að ala, af því að hann sé ekki sjálfbjarga, sbr. orðabækur Fritzners (*mann-æli*) og Torps. Allt aðra tilgátu um kynþátt orðsins má finna hjá Birni M. Ólsen, Den tredje og fjerde gramm. afh., bls. 172—73, og hjá de Vries í Altnord. etymol. Wörterbuch.

3—4 æler vatn þat er álar
allstranger framm hallaz

Líklegt er að *þat* eigi heldur að vera *þar* (SnE, F. J.). Það að *vatn æli* skil ég með Birni M. Ólsen þannig að vatnið leggist í ála og sé *vatn* þá acc., en sama máli er þar að gegna sem um *ákr ærir* í fyrsta erindi, að ekki eru hliðstæð dæmi á takteinum. Svbj. Eg. og F. J. virðast telja *vatn* nom. og leggja þá *æla* út 'scaturire, ebullire', 'sprudle, strömme frem', en mér er spurn hvort sú merking verður víðar fundin.

5—6 heiter lær á læru
læringar kenningar

Hér virðist ljóst að ekki er allt með felldu. Skásta ráð til úrbótar mundi vera að breyta *lær* í *lór*, og verði fyrra vísuorð þá: »heitir lór á læru«; skáldið nefni enn eitt dæmi þess að *ó* og *æ* eigi saman.

Eins og *flakk* er það að flakka, *hopp* það að hoppa, *ról* það að róla, *slór* það að slóra, þannig er *lór* það að lóra. Um sögnina *lóra* eða *lórast* verður að svo stöddu ekki séð að hún hafi komizt á bækur á Íslandi fyrr en á 19du öld og merkir þá 'fara hægt', 'læðast', 'dragast aftur úr', 'dreifast' og því um líkt, en í Svíþjóð hefur *lora* merkt 'gå sakta; vara senfärdig' (Rietz, Svenskt Dialektlexikon), og ber hér hvortveggja að einum brunni, svo að ekki er að efa að þetta orð hefur verið til á Íslandi frá ómunatíð, þó að lítið fari fyrir því á blöðum. Jakob Benediktsson skrifar um sögnina *lóra* í söfnum OHÍ: »Úr mæltu máli höfum við dæmi úr Suður-Pingeyjarsýslu um að *lóra* og *lórast* = læðast, og um *lórast*, 'ganga hægt, röltá' úr Austur-Barðastrandarsýslu«, og jafnframt bendir hann á stað í Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenzka bókmenntafélags 1839—1873, II, 1954, bls. 38: »Þó ganga komi og fiskur fáist, einn eða tvo róðra í senn, dreifist hann og lórast út um allt«. Í orðabók Blöndals bls. 1039 stendur: *e-ð lórast (eftir)*, og er þýtt: »der er spredte Lævninnger el. en Smule tilbage af n-t«. Öllu fleiri og eldri dæmi verða fundin um nafnorðið *lóra*, f. Til að mynda segir Grunnavíkur-

Jón (AM 433 fol) að það sé skepna sem fer laumulega, »res animata, qvæ sensim et clanculum semet infert vel repit«, og nefnir einnig til *kisu-lóra*, »vacula blandientis de cati«. Björn Halldórsson segir að *lóra* geti bæði verið ónýtur maður og vanmetaskepna. Sjá enn fremur hjá Blöndal: *lóra*, *lórulegur*. — *Lora* heitir á í Noregi, sjá t. d. Norske Gaardnavne IV, 1, bls. 29, og Olafs saga hins helga, O. A. Johnsen, 1922, bls. 70 (»ivir loro dal«); ef það nafn er fornt *Lóra* (en ekki *Hlóra*, eins og Hellquist mundi telja, sbr. rit hans De svenska ortsnamnen på -by, 1918, bls. 46—7), spyr ókunnugur hvort þessi á muni hægfare.

Hitt atriðisorðið í fyrra vísuorði skil ég svo, að það sé *læra*, f., sömu merkingar og það nafnorð *lóra* sem nú var nefnt. Í Hallfreðar sögu, eins og hún er tekin upp í Ólafs sögu Tryggvasonar ena mestu; er *mann-læra* sama og ónytjungur: »mer þickir til engis vera at eiga við mannlæru þa« (Ed. Arnam. A, I 400⁷⁻⁸, Hallfreðar saga, 1953, bls. 74⁸); í tveimur handritum frá 14du öld er sett í staðinn »mannleysi þat«, og má ætla að þeim er skráði sameiginlegt forrit þeirra hafi ekki verið orðið »mannlæra« tamt. En líkindi til að þetta *-læra* sé fornara *læra* má draga af grein í sumum handritum Snorra Eddu þar sem til eru tínd niðrandi orð um karlmenn, þar á meðal eitt sem stafsett er *lora*, *lóra*, *leyra* eða *lòra*, sjá Dag Strömbäck í Ark. f. nord. fil. 51, einkum bls. 109.

Eftir þessu mundi vísuþjórðungurinn merkja: menn komast svo að orði að **lór* (seinlæti, slóðaskapur) sé á *læru* (ónytjungi, vesalmenni); kenningar heita öðru nafni *læringar*. Þegar sagt er að *lór* sé á manni, er forsetningin notuð eins og enn í íslenzku, að asi, ólag, rolukast o. s. frv. sé á einhverjum. »Þá var hryggð / á hvörjum manni« stendur í sumum gerðum Kötuldraums, m. a. þeirri sem séra Gissur Sveinsson skrifaði 1665 (þar í 7da erindi); aðrar hafa »var þá hryggð í hug / hvörjum manni«, eða því um líkt. Eins komast menn að orði í Færejum; færeyska orðabókin nefnir tvö dæmi: »tað er ringt lag á honum« og »nú er geylan á honum«. Mun þá mega telja víst að þessi málvenja eigi sér gamlar rætur, þó að ekki hafi fundizt forn dæmi á íslenzkum bókum.

Á eftir *ló^r og læ^r- kemur læ^r- í næsta vísuorði, en nú bregður svo við að hendingar standa ekki í meginsamstöfum, heldur í afleiðsluendingum: »læringar kenningar«. Samskonar dæmi eru nokkur til úr kveðskap frá 12tu öld og síðar; þessi hafa fundizt, en vera má að fleiri sé: »Erlingr at víkingum« (Skjldigtn. A I 535, Þorbjörn Skakkaskáld), »hildingr ór lyptingu« (I 549, Hallar-Steinn), »gýðingr ok heiðingi« (I 560, Nikulás Bergsson), »hildingr ok kenningar« (II 151, Líknarbraut) »eining í þrenningu« og »mildingi bragninga« (II 160, Nikulásdrápa; Þá drápu eignar Björn M. Ólsen með vafa Ólafi hvítaskáldi, Tredje og fjærde gramm. afh. 243 og 260, en eigi sést hvað það hefur við að styðjast), »qðlingr til refsingar« (II 164), »hildingr í lyptingu« (II 462, vísur um Ólaf Tryggvason).

7—8 kallaz mér á mæri
mæring ef giöf tæriz

Hér þykir sennilegt að skáldið sé enn að klifa á sama lær-dómi sem fyrir skemmstu, fyrst þeim að ó og æ eigi saman, síðan þeim að æ og æ sé tvö mismunandi hljóð. Þá hefði fyrra vísuorð verið fyrir öndverðu: »kallaz mór(r) á mæri« eða öllu heldur »á Mæri«, því að líkast til er átt við þann landshluta í Noregi sem svo heitir. Nafn hans var að fornu kvenkyns (»senda boð á Mæri hvára tveggju« Hkr. I 324) og væri í nom. *Mærr* ef það fall kæmi fram (sbr. Indrebø í Bergens Museums Årbok 1931, Hist.-antikv. rekke nr. 5); í kenningum fornskálða er *mærr* samheiti við land. Orðfróðir menn leiða *mærr* (<*mōriō) af *mórr*, á sama hátt og *eyrr* (<*auriō), f, af *aurr* (sjá t. d. Falk og Torp Etymol. Wörterb. *morads*, Hellquist *Mora*, *moras*, L. Moberg í Namn och Bygd 38, 1950, einkum bls. 118 o. áfr.), en *mórr* er kunnugt orð úr fornensku (*mór*, m., m. a. þýtt 'a moor, waste and damp land') og forn-háþýzku (*muor*, nú á þýzku *Moor* 'mýri') og hefur einnig verið tíðkað á Norðurlöndum: Rietz hefur úr sænskum héraðamálum *mor*, f., 'tjock skog'; 'med låg skog beväxt mark'; 'skog-bevuxet myrland' (hér er farið eftir því sem þjappað er saman

í registursbindinu 1955), svo og *morug*, adj., 'bevuxen med stor skog'. Sænsk staðaheiti eins og *Mora*, *Hedemora* og *Möre* geyma þetta orð eða eru af því dregin, en í Noregi virðist lítið kveða að því nema austast (sbr. Norske Gaardnavne III 311, XIV 215, Aasen bls. 507, Ross bls. 523). Dæmi úr íslenzkum heimildum munu engin til.

Að sjálfsgöðu væri fýsilegt að ímynda sér að orðið *mórr*, í einhverjum merkingum svipuðum þeim sem Rietz telur, hefði verið íslenzkum manni á 13du öld svo tamt að hann hefði skilið landsheitið *Mærr* á sama hátt sem orðtengslafræðingar vorra tíma. En þyki sú ætlun allt of glæfraleg, má láta sér koma til hugar annan kost: skáldið hafi ort »kallazt mór á Mæri« og haft í hyggju hið alkunna orð *mó-r* um þurra og þýfða, stundum lyngi vaxna jörð (á norsku *mo*), eða í annan stað um svörð, eldsneyti stungið upp úr jörðu (á færeysku *mógvur*); hann hafi ráðið af líkingu orðanna að á Mæri mundi mikið um móa ellegar að þar væri gott móland. Og má þá vera að hann hafi hugsað eitthvað líkt og Sveinbjörn Egilsson löngu síðar (Lex. Poet. 1860, bls. 580), er hann skírskotaði til sögunnar um Torf-Einar jarl, sem nafn sitt fekk af því »at hann lét skera torf ok hafði þat fyrir eldivið, þvíat engi var skógr í Orkneyjum« (Hkr. I 138, sbr. Orkneyinga sögu kap. 7.) En faðir Torf-Einars var Rögnvaldur Mæra-jarl, og gerði þá Sveinbjörn sér í hugarlund að á Mæri mundi mikill mór í jörðu, svo af Einar, »ibidem educatus«, hefði numið torfskurð sinn í heimahögum.

Í síðara vísuorði verður að undirskilja sögnina á sama hátt sem í næsta fjórðungi á undan: »mæring [kallaz] ef gjöf tæriz« (er gefin; *tæra* er heldur unglegt orð, komið úr þýzku). Svbj. Egilsson breytti *mæring* í *mæringr*, en E. A. Kock hefur sýnt að sú breyting er til engra bóta (NN § 2356). Þórarinn stuttfeldur mælist til að konungur mæri sig skikkju (dat.), og þá getur það heitið *mæring* ef maður er sæmdur gjöf.

Priðja vísa

1—2 Hætta verðr á hattu
hæting ef bøl ræter

Þetta er í sjálfu sér skiljanlegt. Sögnin *hæta* er sömu merkingar sem *hóta*, og *hæting* þá sama og *hótun*. Ef hæting (*hótun*) rætir bøl (*latur bøl*, heift eða illsku, festa ratur), verður að hætta á hattu (*búast við því að hætta geti verið á ferðum*). »*Periculum adeundum est, si minæ calamitatem adferunt*«, þannig eru orðin þýdd í SnE II 219. Eða, ef *hæting* væri skilið sem frumlag aðalsetningarinnar: 'hæting verður (að) hætta á hattu, ef bøl rætir', og mætti þá skilja síðustu orðin annaðhvort: ef hún (*hætingin*, *hótunin*) rætir bøl, eða ópersónulegt: ef bøl (*acc.*) rætir. En jafnvel þó að viðurkennt sé að vit megi finna í þessu, eru misbrestir á.

Í fyrra vísuorði er aðalhending þar sem búast mætti við skothendingu, og kveður meira að segja so rammt að, að samstafan *hætt-* gerir hending við sjálfa sig. Þetta getur naumast verið rétt. Sá sem tekinn er að venjast vísunum mun ósjálfrátt ímynda sér að hér eigi að standa annaðhvort »Hætta verðr á hattu« eða »Hætta verðr á háttu.« Síðari kosturinn gæti komið til greina, og væri *háttu* þá *acc. pl.* af *hátr*. Maður hefur verið að jagast við annan og haft í frammi hótanir, það er hæting. Nú er ekki ólíklegt að þessar hótanir ræti bøl, þannig að sá verði heiftarfullur sem hótad var, þá verður að hætta á háttu, vera við því búinn að tvennskonar hættir geti verið í vændum. Ókomin tíð á eftir að sýna hvor hátturinn verði upp tekinn: að láta fjandskapinn þróast eða hjaðna.

Á þessari skýringu er sá galli að ekki verður fundið ættarmót með orðunum »hætta« (*periculo exponere*) og »hátr« (*modus*), en annars er það venjan þá er skáldið dregur tvö orð fram, annað hljóðverpt, hitt ekki, að þau sé eigi aðeins áþekk, heldur einnig skyldrar merkingar. En ráð til að bæta úr þessu finn ég ekki, svo að mér líki.

Þá er og annað, að skáldið velur ellegar dæmi sín þannig

að með *á*-i hans og *æ*-i eða með *ó*-i hans og *œ*-i skuli vera »enna sǫmu stafa fullting«, eins og höfundur staffræðinnar fornu komst að orði (Isl. gramm. litt. I 413-14). En hér bregður út af þessu, því að í fyrra vísuorði er sett *hætt*- og *hátt*- (?), en í hinu næsta kemur *hæt*- eða *hæt*- með einu *t*-i. Og vekst nú upp sú freisting, að leita þess hvort finna meg nokkur líkindi til að skáldið hafi getað sagt *hætting*, en ekki *hætting*. Ef svo væri, mundu hendingar heimta að *ræti*r væri breytt í þátið *rætti*, og upphafleg mynd vísufrjóðungsins mundi þá verða þessi:

Hætta verður á háttu
hætting ef bǫl rætti

Ef 'hætting' (orðaskak með hótunum) hefur látið bǫl (illindi) festa rætur, verður að hætta á, hverra háttu muni von.

Sögnin *hæta* (og þá einnig þau nafnorð sem af henni má leiða) hefur fyrir öndverðu haft einfalt *t*, sem sjá má af *hwötjan* á gotnesku, *høta* á fornsænsku og *høde* (ásamt nafnorði *høding*) á gamalli dönsku; og þannig mun hún jafnan rituð á íslenskum bókum meðan til var (hún er löngu glötuð úr íslenzku, en *hóta* hefur komið í hennar stað; OHÍ hefur aðeins eitt dæmi frá síðari öldum um *hæta*, úr leikriti sem er látið gerast á 13du öld og stælir forn-mál, Draupnir IV 109).

Ef leitað er fornra íslenzkra dæma um *tt* í þessum orðum, verður fyrst fyrir Codex Regius eddukvæða. Þór segir í Hárbarðsljóðum 53 *hettom hættingi*. En ritari þeirrar bókar kann litla grein á hljóðunum *æ* og *œ*; sé þeim haldið sundur mundi eiga að lesa *hættom hættingi*. Hér er þá *hættingr*, m., sömu merkingar sem *hætting*, f., og greinilega skrifað með tveimur *t*-um (að vísu má segja um Hárbarðsljóð að meira kveði þar að ertni og stríðni en beinum hótunum, svo að *hættom hættingi* mundi helzt merkja 'við skulum hætta þessu þrasi', eða eitthvað því um líkt). Útgefendur eru vanir að breyta síðara orðinu í *hættingi* og munu þá gera ráð fyrir að *tt* sé ritvilla sem stafi frá orðinu á undan, enda má styðja þá ætlun með því að vísa til þess að eddukvæðahandritið A (AM 748 4to)

hefur hér *hætingi*, og í annan stað að í sjálfum Cod. Reg. er sögnin *hæta* stafsett með einu *t-i*: *hætir* Lokasenna 62.

Pegar Sophus Bugge lét prenta eddukvæðin 1867, setti hann neðanmálsgrein við Hárbarðsljóð 53: »*hæta, true, skrives ligledes ofte hœtta, hætta; jvfr. norsk hytta*«.

Hvaðan kom honum þessi vitneskja? Heimildin mun að öllum líkindum vera Lexicon Poeticum, 1860. Þar eru greindar tvær sagnir, *hæta* og *hætta* (LP 1860 gerir ekki mun á *æ-i* og *œ-i*), báðar í merkingunni 'minari'. Sum þeirra dæma sem LP hefur um *hætta* eru einskisverð, svo sem þátíðarmyndir sem allt eins geta komið af *hæta* (*hœta*). En þrjú verða eftir sem þarf að athuga nánara:

1: Í Fornaldar sögum Norðrlanda II, 1829, bls. 289, er þessi vísuþellingur (í Örvar-Odds sögu):

Hirði ek eigi
þóat hættir þú,
fárgjörn kona!
Freys reiði mēr.

Vísan er aftur prentuð í Örvar-Odds sögu, útg. Boers 1888, á bls. 183; þar stendur í texta *heiter*, en neðanmáls sagt að þau handrit sem nefnd eru ABE hafi *hættir*. Í Den norsk-isl. Skjaldedigtn. A II 304 er prentað *hætir* og engin mynd nefnd með tveimur *t*-um.

Hér verður þá að leita á vit handritanna. Athugun þeirra leiðir í ljós að Boer hefur sagt rangt til. Tvær skinnbækur, AM 343 a 4to (nefnd A hjá Boer), bl. 78v í 4ðu línu a.n., og AM 471 4to (nefnd B hjá Boer), bls. 181 neðst, hafa greinilega *hæter* með einu *t-i* (endingin *-er* er bundin í báðum). Tvær aðrar, Perg. 4:o nr. 7, bl. 56r, og AM 344 a 4to, bl. 23v, hafa annað orð, *heitir*; þessi handrit nefnir Boer S og M og segir rétt til um leshátt þeirra.

En þó er orðmyndin *hæter* eða *hættir* í þessu erindi ekki eintóm staðleysa. Hana er að finna á tveimur pappírsbókum, AM 342 4to (með hendi Brynjólfs Jónssonar á Efstalandi, sem enn var á lífi 1671, sjá Bibl. Arnam. 24, bls. 141—2),

bl. 109r, og AM 173 fol (með hendi Ásgeirs Jónssonar, † 1707), bl. 57r. Þessar bækur munu skyldar (Boer slengir þeim og fleirum saman í flokk sem hann kallar E), og líklega þá báðar runnar frá eldri heimild er haft hafi *tt* í þessu orði. Um það verður fátt fullyrt, að minnsta kosti ekki fyrr en E-flokkur Boers verður betur kannaður en gert hefur verið.

2. Í 14du lausavísu eignaðri Kormaki, sem bæði er varðveitt á Möðruvallabók (AM 132 fol, bl. 122r) og AM 162 F fol (bl. 3v), stendur þetta (sbr. Skjldigt. A I 82):

vita skal hitt ef hann hættir
handuiðris mer grandí

Vísan er ærið torráðin (hvað er *handuiðris*?), en orðin »ef hann hættir (þ. e. hótar) mér grandí« eru ljós. Bæði handrit hafa *hættir* (-ir bundið), en Finnur Jónsson og fleiri útgefendur einfalda *t-ið* og setja inn *hætir*. Hendingar virðast *hitt* og *hætt-*, fremur en *vit-* og *hætt-*, en litlar ályktanir verða af því leiddar hvort réttara sé *hæt-* eða *hætt-*; þess eru mörg dæmi í skothendingum að öðrumegin sé *t*, hinumegin *tt* (sum talin hjá Kahle, Die Sprache der Skalden, bls. 166—7).

3. Enn verður sama orð fyrir í 33ðju lausavísu eignaðri Kormaki, Möðruvallabók bl. 126r (Skjldigt. A I 85—6):

Parftaðu huit at hætta

.....

skíðinga mer niði

Eins og sagt var áðan »hætta mér grandí«, er nú talað um að »hætta mér Skíðinga níði« (Skíðingar hétu menn af ætt Skíða). Og enn er sem fyrr, að í útgáfum hefur *hætta* verið breytt í *hæta*. Svo undarlega ber við að þessi sama vísa er tekin upp í annað sinn í 20asta kap. Kormaks sögu, nema upphafið er öðruvísi; þar er orðið *hæta* skorðað í aðalhendingu, enda ritað með einu *t-i* á þessum stað á skinnbókinni.

Fleiri griplur hefur ekki tekizt að henda úr íslenzkum heimildum þeirri ætlun til styrkingar að til hafi verið orðmyndir sem *hætta* og *hætting*. Árangurinn varð næsta rýr. Dæmin

var helzt að finna í vísu sem ætla má að skrifarar hafi skilið misjafnlega vel. Ef ekki koma fleiri í leitirnar, er hæpið að treysta því að þessar orðmyndir hafi verið tíðkaðar á Íslandi, og trúin á þá lagfæringartilraun sem nefnd var á bls. 218 hefur litla stoð fengið.

Þó mætti vera, ef svipazt er víðar um, að hún glæddist lítið eitt.

Ivar Aasen hefur úr Noregi bæði sögnina *hota* (nútið *hotar*) = fornt *hóta*, og í annan stað *høta* (þátíð *høtte*) af Pelamörk, með tilvísun í Landstad, Norske Folkeviser 115. En þriðja mynd sagnar þessarar í Noregi, og sú sem víðast virðist tíðkuð, er *hytta* (nútið *hyttar*). Hvernig *y* er tilkomið er illt að sjá; Torp (Etymologisk Ordbok) lét sér detta í huga að *høta*, fornt *hæta*, hefði orðið fyrir áhrifum frá upphrópuninni *hutt*. Ross hefur í orðabók sinni víðtækari staðagreining en Aasen um sögnina *hytta*, og nefnir þá einnig af Rogalandi »høtta etter (aat) ein« í merkingunni »true til (ad) en«. Mundi það vera fornt *hætta*?

En þrautalending þess sem leitar myndarinnar *hætt*-mundi helzt verða í Færeyjum. Þar þekkist, að því er ráðið verður af orðabókum, ekki lengur einfalt *t* í orðunum *hóta* og *hæta*, heldur einungis *hótta* (þátíð *hóttaði*) og *høtta* (þátíð *høtti*), en þegar þess er gætt að meiri hlutur Færeyinga ber *hótt*-fram eins og *høtt*-, má ætla að vandfarið geti orðið að greina þessar sagnir. Fullnaðarsigur tvöfalda *t*-sins mun þó ekki hafa orðið fyrr en á 19du öld: Svabo hefur bæði *høta* og *høtta* (hvorttveggja í þátíð *høtti*).

3—4 ást er nær at næra
nú er vær konan færi

Hér eru tvær setningar og hefur hvor sína sögn, *er*. Menn hafa tekið *nær* sem miðstig og lesið fyrri setninguna sem framhald þess er á undan var sagt um hætingar og bö!l: 'nær er (menn ættu heldur að) næra ást', eða á latínu: 'Magis convenit, amorem nutrire' (SnE). En það er meginregla í erindunum að hver vísufjórðungur er sjálfstæður, án sambands við þá sem

undan fara eða eftir, og er þessi skýring þá næsta vafasöm. Mín tillaga væri að fella síðara *er* niður og gera eina setning úr tveimur: 'nú er vær konan færi nær at næra ást', nú eru fáar blíðar konur nálægar að unna mönnum (dæmi hliðstæð við *færi* á þessum stað má finna hjá Nygaard, Norrøn Syntax § 58). Hér væri þá gustur af mansöng. »Sætan var mér sjaldan blíð«, »Fátt er nú um fljóða ást« sögðu rímnaskáldin og margt annað þessu líkt.

Skáldið hefur sagt *næra*, eins og Norðmenn og Færeyingar, ekki *næra*. Lærdómur setningarinnar kemur fram í því að ef sagt væri *næra*, yrði aðalhenging þar sem skothending skyldi. Það kynni að þykja æskilegt þegar dæmi úr öðrum erindum eru höfð í huga, að fyrri hending síðara vísuorðs væri *nær* fremur en *vær*, en til þess er engin leið sýnileg. Tilraun Kocks, NN § 2357, er ekki nýtandi.

5—6 skeind tekr æðr enn æðaz

æðr deyr þá er br. . . .

Fyrsta orðið má lesa *skeind* eða *skemð*: strik uppi yfir sker síðasta stafinn ofanverðan og gæti því verið ætlað að gera *d-ið* að *ð-i*, en síðan teygist þetta strik að fyrsta legg stafanna þar fyrir framan og gæti þá verið broddur er sýni að hér standi ekki *m*, heldur *ín*. Síðari kosturinn virðist öllu líklegri, helzt ef borið er saman við, hvernig orðið *skemða* er ritað í fyrsta erindi. — Björn M. Ólsen breytti *æðr enn* í *æðren* (= *æðrin*), og kann að vera rétt; *skeind æðrin* væri sambærilegt við *vær konan* rétt á undan. Finnur Jónsson breytti *enn* í *at*. Hvorttveggja kemur í einn stað niður: »skeind æðrin tekr æðaz« eða »skeind æðr tekr at æðaz«: ef *æðr* (*vena*) fær sár tekur hún að æðast, blóð streymir úr henni. Lærdómur vísuorðsins er sá, að án greiningar á sérhljóðunum í *æðr* og *æðaz* verður aðalhenging, en ætti að vera skothending.

Vísan er ekki skrifuð til enda, sennilega af því að þegar hún var fyrst sett á blað hefur heimildarmaður verið þrotinn að kunnáttu þá er hér var komið, en auðvitað getur einnig verið að skrifari hafi hlaupið yfir. Síðasta orðið hefst á stöf-

unum *br*, en á eftir þeim hefur dottið gat á bókfellið í Cod. Worm., svo að framhaldið er týnt. Gatið er svo smátt að ekki mun molnað úr meira en svari þremur stöfum, en síðan stendur autt það sem eftir er af línunni. Það sem vantar getur ekki verið meira en framhald þess eina orðs sem hafði stafina *br* fremst.

»Æðr deyr þá er *br*. . . .«. Sá sem reynir að ímynda sér hvernig hér megi þrjóna við, spyr hverjar sé helztar lífshættur æða (æðarfugla), og kunnugur mun þá líklega svara: ofviðri, hafrót, brim og ísar. Þeim sem vill fá þetta staðfest má vísa í Ferðabók Þorvalds Thoroddsens IV, 1915. Þar er á bls. 14 tilgreindur bréfkafli frá séra Birni Halldórssyni í marzbyrjun 1881: »Penna grimma ísavetur liggja æðarkollurnar dauðar, eigi aðeins í röstum úti fyrir landi í sjáfarísnum, heldur strjálar frammi í dölum, þangað sem þær hafa flúið í ofboði og ör-væntingu«. Og á bls. 60 er sagt frá mikilli hríð með stórbrimi á Skaga og víðar norðanlands í októbermánuði 1878: »Þá rak í Höfnum 60 karfa og mikið af öðrum brimrotuðum fiski og mikið af dauðum æðarfugli«.

Getur þá verið að molnaða orðið á skinnbókinni hafi verið *br/im*? Það kemur naumast til mála. Skrifarinn hefði þá hætt við vísuna að þessu orði loknu og fellt niður þá sögn er byndi enda á setninguna. Engin sögn verður fundin er hafi í meginsamstöfunni annaðhvort -æð eða -eyr-, svo sem hend-ingar mundu heimta, og eigi hér vel við.

Miklu líklegra er hitt, að *br* sé upphaf sjálfrar sagnarinnar og hafi hún verið *br[æðir]*; *bræð* hafi staðið í línunni og titull fyrir -ir uppi yfir. Af titlinum má enn greina lítilfjörlegar leifar.

En »æðr deyr þá er bræðir« gerir ekki fullt mál, og skortir auk þess eina samstöfu að vísuorðið hafi rétta lengd. Skrifaranum hefur skotizt yfir orð, líklega fyrir framan sögnina, og ef gætt er bragreglna og talið að þetta hafi verið nafnorð, gat það að hljóðmagni verið t. d. *ver*, *lög*, *frør*, *hret*, *lá*, *sjó*, en hinsvegar ekki t. d. *hregg*, *hríð*, *storm*, *svell* (þessar reglur

hefur Craigie fundið sjá Ark. f. nord. fil. 16, 341 o. áfr., sbr. Kuhn í Zeitschr. f. deutsches Altertum 74, 55 o. áfr.).

Sögnin *bræða* í kunnustu merkingu sinni, 'láta e-ð (snjó, ís o. s. frv.) bráðna', kemur hér að litlu haldi; þá mundi æðum sízt hætt við líftjóni þegar bráðna tekur kringum þær. Aðra merking hefur *bræða* í andlátsorðum Helga Droplaugarsonar (Droplaugarsona saga kap. 10), þegar andstæðingur hans hefur lagt hann í gegn: »Nú seinkaða ek, en þú bræddir heldr«. Þetta getur verið verbum intransitivum (þú varst heldur bráður), en fullt eins líklegt þykir mér að það sé transitivum og þá undirskilið orð eins og *för* (þú gerðir för þína heldur bráða). Að minnsta kosti virðist ekki ólíklegt að til hafi verið ópersónuleg orðatiltæki eins og *bret* (acc.) *bræðir* um það er brátt hret skellur á (sbr. Blöndal: *bráð-viðri*, *bráða-hláka*, *-bríð*, *-þeyr*), og jafnvel *sjó* (acc.) *bræðir* um það að sjór æsist (og veit ég þó ekki dæmi þess að æstur sjór hafi verið kallaður bráður).

Jakob Benediktsson hefur bent mér á eina merking sagnarinnar *bræða* sem ef til vill kæmi hér til greina. »Algengt er a. m. k. norðanlands og vestan 'að bræða, bræða yfir (allt), bræða á sig' um það þegar frýs eftir hláku eða á krap, svo að allt verður ein storka. Dæmi um þessa merkingu eru og til á prenti, t. d. »af snjóþyngslum og blotum, sem bræddu allt í svell« (Þjóðólfur 1852, 315); »þegar frysti, reif af hæðum þar sem eigi var brætt yfir« (Norðri 1859, 9); »hamraveggirnir bræddir framan með hrufóttum klakahengjum« (Guðmundur Friðjónsson, Rit I 130)«.

Mundi þá hugsanlegt að vísuorðið hefði verið »þá er [sjó] bræðir« í merkingunni 'þá er sjó leggur', 'þá er sjór frýs'? J. Ben. ber heimildarmann sem þekkir orðið fyrir því, að í nútímamáli mundi mega segja að fjara væri brædd, en ekki sjór. Hinsvegar bendir hann á dæmi frá 17du öld, Kvæði Stefáns Ólafssonar I 33, þar sem sagt er um tjörn: »Hún er brædd með hála ís og harla breið«. Ef tjörn gat verið brædd með ís, kæmi til mála að samskonar orðatiltæki hefði mátt nota um sjó.

Það viðfangsefni að fylla skörð í vísu þar sem skrifari hefur misst orð niður og síðan hefur molnað úr því sem skrifað var, gat varla heitið sigurvænlegt. Örugg niðurstaða hefur ekki heldur fundizt.

Hver vísufjórðungur er sjálfstæð heild, svo sem fyrr var sagt. Setningar eru búnar til þannig að í hendingum verði einvörðungu sérhljóðin *á* og *æ* eða *ó* og *œ*, og er þessum hendingum fundinn staður í atriðisorðum setninganna. Efnið er allt *á* víð og dreif og fer eftir því einu hvernig atriðisorðunum verði fyrirkomið. Þá eru tveir hættir hafðir *á*:

1. Atriðisorð eru tvö, bæði í fyrra vísuorði, þannig skotend að annað er hljóðverpt en hitt ekki, en í síðara vísuorði er setningin leidd til lykta. Þannig er í fyrsta erindi öllu og í fyrra helmingi annars erindis. Í þriðja erindi 3—4 eru bæði atriðisorðin hljóðverpt (*æ* og *œ*), en mismun hljóðanna verður að ráða af skothendingunni. Skáldið virðir að vettugi hið forna leyfi að aðalhending megi standa í ójöfnum vísuorðum.

2. Atriðisorð eru þrjú, tvö í fyrra vísuorði, eitt fremst í öðru. Þannig er í öðru erindi 5—6 (þar bregður þó út af í því, að atriðisorðið í síðara vísuorði gerir ekki hendingu) og 7—8, í þriðja erindi 1—2 og 5—6.

Allt bendir til að vísurnar sé skrifaðar eftir minni. Björn M. Ólsen gat þess til, að vísu með vafa, að höfundur mál-skrúðsfræðinnar hefði sjálfur ort þær, en það virðist fjarri sanni. Inngangsorð höfundar að vísunum eru fremur óskýr og benda ekki til þess að hann hafi gert sér þess fulla grein hvað skáldið var að fara. Röð vísnaútanna hefur farið úr lagi, sem von var til í munnlegri geymd, af því að engir efnis-þræðir bundu þá saman. Glöggd dæmi er í fyrsta erindi, þar sem hendingarnar 5—6 *ræð-* og *ráð-* slíta sundur samfellda röð: *ár* og *ær-* (1—2), *ær-* og *ár-* (3—4), *ór-* og *œr-* (7—8). Sömuleiðis hefur týnzt úr, eigi aðeins síðasti fjórðungur þriðja erindis, heldur sennilega víðar. Til að mynda virðist ósennilegt, svo að aftur sé vikið að fyrsta erindi 5—6, að skáldið hafi getað stillt sig að nefna einungis dæmi um *ræð-* og *ráð-*,

án þess að fylgja þeim eftir með samskonar dæmum um *ræð-* og *róð-*. Að minnsta kosti hefði legið beint við að geta þess að *ræði* (ár) dragi nafn af *róðri*.

SUMMARY

In the so-called Fourth Grammatical Treatise which is preserved in a 14th century manuscript (AM 242 fol., Codex Wormianus) there are incorporated three stanzas (one of them incomplete) in scaldic metre (*dróttkvætt*). The aim of the poet was apparently to point out the interrelationship of certain similar words, and it is striking that all of them have the vowels *á*, *ó* or *æ* (umlaut of *á*), *œ* (umlaut of *ó*) in the root syllable. The fact that the poet's interest was limited to words with these vowels indicates a connection between the stanzas and a phonetic change which took place in Icelandic in the 13th century: the rounded vowel *œ* was replaced by the unrounded *æ*. The stanzas can be explained by assuming that the author was a conservative man who regretted that the previous distinction between the two umlaut vowels was disappearing. A more detailed interpretation presents several problems which are discussed in the paper. It seems almost certain that the stanzas were written down from oral tradition and that the text is incorrect at some points.